



## Blindravinnustofan 60 ára

Blindravinnustofan hélt upp á 60 ára afmæli sitt þann 12. október sl. Markmið með stofnun hennar á sínum tíma, og er enn, að starfrækja vinnustað fyrir blinda og sjónskerta. Vinnustofan er í eigu Blindravinafélagsins og er til húsa að Hamrahlíð 17. Fjöldi gesta sótti vinnustofuna heim á þessum tímamótum. Í tilefni afmælisins afhenti Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, Blindra-

vinnustofunni eitthundrað þúsund krónur. Nú á næstu vikum verður tekin í notkun burstagerðarvél sem er styrkt af fjárlögum félagsmálaráðuneytisins, er þar um að ræða 10 milljóna króna framlag. Meðal þeirra er fluttu erindi í tilefni afmælisins voru bræðurnir Arnþór og Gísli Helgasynir. Þakkaði Gísli þann stuðning sem félagsmálaráðherra hefur sýnt við kaup vélarinnar.

Eru bundnar miklar vonir við nýju burstagerðarvélina, og hún verði til þess að framleiðslan aukist, en stefnt er að því að með tilkomu vélarinnar fjölgi verkefnum á vinnustofunni. Starfsemi er skipt í tvær deildir, annars vegar framleiðslu- og þökkunardeild, þar vinna 19 starfsmenn, og hins vegar söludeild, en þar starfa 9 manns.

# Frumvarp til barnaverndarlaga

Á yfirstandandi þingi hefur frumvarp til barnaverndarlaga verið endurflutt. Í frumvarpinu er að finna fjölda nýmæla sem ætlað er að stuðla að bættri barnavernd. Meðal helstu nýmæla má nefna:

### I. Starf barnaverndarnefnda eflist.

Bætt réttarstaða barna. Enn sem fyrr fer grunnþjónusta barnaverndar fram hjá barnaverndarnefndum. Barnaverndarnefndir starfa á vegum sveitarstjórna. Þær eru þó sjálfstæðar gagnvart sveitarstjórn sem getur ekki gefið þeim fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála.

Í frumvarpinu eru ýmis fyrirmæli sem eiga að stuðla að því að stækka og efla barnaverndarumdæmi í landinu. Lagt er til að íbúafjöldi á bak við hverja barnaverndarnefnd skuli ekki vera minni en 1500. Nokkur árangur hefur að undanfögnu náðst í að fækka og stækka barnaverndarumdæmin og voru barnaverndarnefndir 56 í árslok 1999, en voru 82 á árinu 1996. Engu að síður er ljóst að bak við margar nefndir býr of fátt fólk en það torveldar faglegt barnaverndarstarf. Ráðning starfsfólks hjá barnaverndarnefndum er einnig nauðsynlegt til að haldið séu upp virku barnaverndarstarfi og er því þung áhersla lögð á það í frumvarpinu.

Frumvarpið mælir fyrir um að sveitarstjórn skuli fyrir hvert kjörtímabil gera framkvæmdaáætlanir á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Með því móti setji sveitarstjórn sér skýr markmið og vinni að framgangi barnaverndarmála. Þetta er ein leið að því marki að styrkja barnaverndarstarf í landinu og gera það markvissara.

Ákvæði um málsmeðferð hjá barnaverndarnefndum eru skýrari og ákveðnari í frumvarpinu en í gildandi lögum sem eiga að leiða til öflugra og vandaðra barnaverndarstarfs í sveitarfélögunum. Þannig er kveðið skýrt á um allan ferilinn allt frá því tilkynning berst og þar til ákvörðun liggur fyrir. Jafnframt er það mikilvæga nýmæli að barn sem náð hefur 15 ára aldri sé aðili barnaverndarmáls. Það treystir réttarstöðu barna í barnaverndarmálum. Með þessum hætti fær barn sem náð hefur þessum aldri óskoraðan rétt til að tjá sig um mál og það hefur sjálfstæðan aðgang að öllum gögnum málsins.

Róttækar breytingar eru lagðar til á framsetningu ákvæða er varða ráðstafanir barnaverndarnefnda og flokkun þeirra. Er þess vænst að með því að ákvæðin um þetta efni verði skýrari verði þar með auðveldara fyrir barnaverndarnefndir að fara eftir þeim.

### II. Dómstólum falið úrskurðarvald í barnaverndarmálum.

Lagt er til að úrskurðarvald í málum vegna sviptingar forsjár flytjist frá barnaverndarnefndum til dómstóla. Einnig er gert ráð fyrir atbeina dómstóla í öðrum tilvikum er fela í sér hliðstæða skerðingu réttinda. Hugmyndir um

að fela dómstólum meira hlutverk í barnaverndarmálum hafa verið til umræðu í nokkra áratugi. Samkvæmt gildandi barnaverndarlögum er dómstólum ekki ætlað sérstakt hlutverk við úrlausn barnaverndarmála. Hugmyndir um þá breytingu fengu á þeim tíma ekki byr. Meginröksemdin var sú að með dómstólaleiðinni væri erfitt að tryggja nægilega sérþekkingu í barnaverndarmálum. Nefndin sem samdi hið nýja frumvarp til barnaverndarlaga taldi að þetta ætti ekki við rök að styðjast. Mál sem borin eru undir dómstóla eru margvísleg og koma iðulega inn á svið þar sem sérþekkingar er þörf. Við því er hægt að bregðast með ýmsum hætti, svo sem með því að kveðja til sérfróða meðdómsmenn eða matsmenn, kveða á um sérreglur um meðferð slíkra mála fyrir dómstólum o.s.frv. og er það gert í frumvarpinu. Þær ákvarðanir sem fara til dómstólanna samkvæmt frumvarpinu eru einvörðungu þær allra vandasömustu innan barnaverndar eins og svipting forsjár. Rökin fyrir því að fela dómstólum ákvarðanir í slíkum málum eru einkum eftirfarandi: Ákvarðanirnar eru þess eðlis að þær eiga eftir almennum sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs og annarra mannréttinda heima hjá dómstólum. Meðferð mála fyrir dómi er jafnan sú vandaðasta sem völ er á í íslensku réttarkerfi og sú sem tryggir best réttaröryggi allra aðila. Við þetta bætist að dómstólaleið í slíkum málum er sú leið sem er í besta samræmi við þjóðréttar-skuldbindingar sem Ísland er aðili að.

### III. Ráðstöfun barna í föstur.

Í frumvarpinu eru ítarlegri og skýrari reglur um ráðstöfun barna í föstur og réttindi barna, fösturforeldra og kynforeldra en nú er. Gert er ráð fyrir að öllum meginatriðum um réttindi og skyldur fösturforeldra annars vegar og barnaverndaryfirvalda hins vegar verði ráðið til lykta með föstursamningi. Í því felst að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að föstur hafi sjálfkrafa í för með sér önnur réttaráhrif en þau að fösturforeldrar fara með umsjá barnsins, umönnun þess og uppeldi frá degi til dags. Um réttindi og skyldur að öðru leyti verði kveðið á um í föstursamningi.

Nýmæli er að gert er ráð fyrir sértækum fösturráðstöfunum fyrir börn sem eiga við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna eða tilfinningalegra vandamála. Skal þá barninu veitt sérstök þjónusta samkvæmt ákvörðun Barnaverndarstofu á kostnað ríkissjóðs.

### IV. Önnur atriði.

Frumvarpið hefur að geyma mörg önnur nýmæli sem ekki er færi á að rekja hér, heldur vísast um þau til frumvarpsins.

## Breyting á reglum, nr. 619/1994, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sett reglur um breytingu á reglum nr. 619/1994 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Reglurnar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga og öðluðust gildi 29. október sl.

Með breytingunni er ráðuneytinu heimilt að koma til móts við sveitarfélög með úthlutun sérstaks framlags í

allt að fjögur ár, frá sameiningarári að telja, er nemur skerðingu þeirri sem hugsanlega kann að verða í kjölfar sameiningar á tekjufjöfnun- og þjónustuframlag skv. 12. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Með setningu þessara reglna væntir ráðuneytið þess að framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga komi betur til móts við ný og sameinuð sveitarfélög í fjárhagslegri uppbyggingu þeirra.



Starfskonur Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík Lone Jensen, Vilborg Oddsdóttir og Aðalheiður Svansdóttir

Þann 26. nóvember sl. var haldið á vegum félagsmálaráðuneytisins námskeið fyrir starfsfólk sem vinnur með fólki með fötlun. Dr. Kelley Jonhson, sem hefur langa reynslu og mikla þekkingu á þessu sviði, fræddi starfsmenn um fjölmörg atriði, svo sem um

## Námskeið um kynlíf og samskipti þroskaheftra

gildismat og viðhorf til þroskaheftra og um vinnubrögð þeirra sem starfa á þessum vettvangi. Námskeiðið var byggt upp á fyrirlestrum, umræðum og verkefnum í vinnuhópum. Tókst námskeiðið í alla staði afar vel og er áhugi á því að fylgja þessu verki eftir, m.a. með vinnuhópi sem mun skoða sérstaklega leiðbeiningar til starfsfólks á þessu sviði.

Þátttakendafjöldinn var takmarkaður við 30 manns, var bekkurinn fullsetinn og kom fólk frá öllum landslutum. Námskeiðið sóttu m.a. starfsmenn svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, félagsþjónustu sveitarfélaga og Neyðarmóttöku Landspítalans, sérkennarar og fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðra.



## Frá ráðherraskipaðri nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámum

### Konur helmingur sveitarstjórnarmanna árið 2030?

Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámum var skipuð af félagsmálaráðherra, Páli Péturssyni, að undangenginni þingsályktunartillögu þar að lútandi og tók til starfa í október 1998. Í nefndinni eiga sæti: Hildur Helga Gísladóttir formaður frá Framsóknarflokki, Arnbjörg Sveinsdóttir frá Sjálfstæðisflokki, Kristín Halldórsdóttir frá Vinstrihreyfingunni grænu framboði, Hólmi Friður Sveinsdóttir frá Samfylkingunni, Margrét Sverrisdóttir frá Frjálslynda flokknum, Ragnhildur Guðmundsdóttir frá Kvenréttindafélagi Íslands og Valgerður Bjarnadóttir frá Jafnréttisstofu. Nefndinni er ætlað að starfa í fimm ár og er fengið það verkefni að auka hlut kvenna í stjórnámum, á Alþingi og í sveitarstjórnámum.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnámum á Íslandi er aðeins 28,2%. Einhver kann að spyrja hvort það skipti einhverju máli. Jú, það skiptir máli að fleiri konur taki þátt í að móta samfélagið. Konur og karlar hafa oft og tíðum ekki sömu reynslu og ekki sama uppeldislega bakgrunn. Við vitum að ákvarðanir sem við tökum eru byggðar á þeim hugmyndum sem við höfum um lífið og tilveruna og þær hugmyndir byggjast á bakgrunni okkar og þeirri menntun og reynslu sem við höfum aflað okkur. Það er m.a. þess vegna sem kynin þurfa að standa hlið við hlið og hjálpast að við að vinna farsælega að málefnum sveitarfélaga. Markmiðið er að ákvarðanir sem teknar eru séu til

hagsbóta fyrir heildina, fyrir þá sem búa í sveitarfélaginu.

Við síðustu alþingiskosningar hækkaði hlutfall kvenna á Alþingi úr 25% í 35% og því má segja að þar hafi nokkuð áunnist. Í sveitarfélögum er nú mikið verk að vinna, þar sem hlutur kvenna í sveitarstjórnámum er aðeins 28,2% og hlutur kvenna í nefndum og ráðum sveitarfélaganna er mun lægri. Í 15 sveitarstjórnámum á engin kona sæti og 56 sveitarstjórnir hafa einungis einni konu á að skipa. Það er eftirsóknarvert að auka hlut kvenna í sveitarstjórnámum og ef það á að takast þurfa konur að vera tilbúnar til að taka þátt í sveitarstjórnámum, taka sæti á listum eða gefa kost á sér til setu í nefndum fyrir það stjórnálaafli sem þeim list best á. Ef konur vilja hafa áhrif á gang mála í sveitarfélaginu og taka þátt í að skipuleggja vöxt og uppbyggingu þess þá verða þær að vera á vettvangi, þar sem ákvarðanir eru teknar.

Yfir 200 konur hafa tekið þátt í námskeiðum sem nefnd um aukinn hlut kvenna hefur haldið fyrir stjórnámalakonur og konur sem hafa áhuga á stjórnámum. Auk námskeiða í Reykjavík hafa námskeið verið haldin á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og í Borgarnesi. Í upphafi síðasta árs lét nefndin gefa út bæklinginn Konur og fjölmiðlar. Bæklingurinn hefur að geyma leiðbeinandi reglur sem gagnast konum í samskipum við fjölmiðla og hann inniheldur einnig leiðbeiningar fyrir fjölmiðlafólk þegar tekin eru viðtöl við konur.

Bæklingurinn hefur verið notaður sem kennslugagn á námskeiðunum, enda má telja að með aukinni umfjöllun um störf stjórnámalakvenna í fjölmiðlum aukist líkur á því að fleiri konur fái áhuga á stjórnámum.

Sveitarstjórnarkosningar verða haldnar 25. maí 2002 og vill nefndin hvetja konur til þess að gefa kost á sér á listum flokkanna. Það er mjög brýnt að fleiri konur stígi fram og taki þátt í að bæta samfélagið sem við búum í. Ef ekki verður stökkbreyting nú þegar á hlut kvenna í sveitarstjórnámum má búast við að konur verði helmingur sveitarstjórnarmanna árið 2030 sé tekið mið af þróuninni síðustu 20 ár. Nánari upplýsingar eða aðstoð veitir verkefnisstjóri nefndarinnar Una María Óskarsdóttir í síma 545 8156 eða með netpósti: fleirkonuristjornmal@fel.stjr.is

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnámum á Íslandi 1950-1998:

Ár	%	Ár	%
1950	0,6	1974	3,7
1954	0,4	1978	6,1
1958	0,9	1982	12,4
1962	1	1986	19,2
1966	1,6	1990	21,8
1970	2,4	1994	24,7
		1998	28,2

### frh. frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998

atkvæðum og að þau skuli bókuð í áframhaldandi röð í kjörbók. Þar sem sérstök yfirkjörstjórn er kosin er henni heimilt að flokka atkvæði sem henni hafa borist daginn fyrir kjördag og afhenda þau í rétta kjördeild á kjördag (10. gr.).

- Einungis er gerð krafa um að tvö eintök kjörskrár skuli vera til staðar í kjördeild (11. gr.).

- Ekki er lengur skylt að skipa sérstakan dyravörð við hverja kjördeild og getur kjörstjórn þess í stað ákveðið að einn kjörstjórnarmanna annist dyravörslu, jafnframt því að hann fylgist með því að kjósendur leggi kjörseðil í atkvæðakassa (13. gr.). Ekki er lengur skylt að kjörkassinn standi á kjörborði og er tilgangurinn sá að hraða framkvæmd kosninganna (15. gr.).

- Mælt er fyrir um að kjörstjórnarmanni er því aðeins heimilt að að-



stoða kjósenda við að greiða atkvæði, að kjósendi geti sjálfur ótvírátt skýrt frá því hvernig hann vill verja atkvæði sínu (16. gr.).

- Frumvarpið hefur að geyma nákvæm fyriræli um athugun utankjörfundaratkvæða (18. gr.) og þær ástæður sem leitt geta til þess að þau verða ekki tekin til greina. Tekið er fram að meðal annars er óheimilt að taka atkvæði til greina ef atkvæði fylgir meira en eitt fylgibréf eða ef atkvæði er greitt utan

þeirra tímamarka sem utankjörfundarkosning má standa (19. gr.), en hún skal almennt hefjast átta vikum fyrir kjördag. Loks er kveðið á um að utankjörfundaratkvæði skal meta ógilt ef í umslagi með utankjörfundaratkvæði er annað eða meira en einn kjörseðill (22. gr.).

- Í frumvarpinu eru ítarlegri fyriræli til kjörstjórna um frágang kjörgagna og sendingu atkvæða til talningar hjá yfirkjörstjórn en er að finna í gildandi lögum (20. gr.).

- Ekki er lengur skylt að stöðva talningu meðan úrskurðað er um ágreiningsseðla (23. gr.). Jafnframt er kveðið á um að bóka skal í kjörbók fjölda ógildra kjörseðla og ástæður ógildingar.

- Aðrar breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu varða fyrst og fremst orðalag (2., 9., 12., 14., 17. og 21. gr.).

## Durban ráðstefnan



F.v. Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Bjarney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, Guðrún Pétursdóttir frá Alþjóðahúsi og Haukur Ólafsson.

Alþjóðaráðstefnan gegn kynþáttastefnu, kynþáttamismunum, útlendingahatri og skorti á umburðarlyndi fór fram í Durban í Suður-Afríku 31. ágúst til 7. september 2001.

Af Íslands hálfu sóttu ráðstefnuna Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri, Haukur Ólafsson, sendifulltrúi, Sigrún Magnúsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bjarney Friðriksdóttir, fulltrúi Alþjóðahússins og Mannréttindaskrifstofu Íslands, og Guðrún Pétursdóttir, fulltrúi Miðstöðvar nýbúa í Reykjavík, auk fulltrúa Róta og Rauða kross Íslands sem sátu einnig ráðstefnu frjálsu félagsamtakanna.

Fimmtán þjóðarleiðtogar sóttu fundinn, m.a. Yasser Arafat og Fidel Castro. Aðeins tveir evrópskir þjóðarleiðtogar sóttu fundinn, þ.e. forsetar Lettlands og Bosníu-Hersegóvínu. Aðrir þjóðarleiðtogar sem sóttu ráðstefnuna komu allir frá ríkjum Afríku. Fulltrúar 170 ríkisstjórna sóttu ráðstefnuna ásamt fulltrúum á þriðja þúsund frjálsra félagasamtaka. Alls er talið að fjórtán þúsund þátttakendur hafi verið í Durban í tengslum við ráðstefnuna og atburði tengda henni, þar af um 6000 á sjálfri alþjóðaráðstefnunni. Kostnaður suður-afrískra stjórnvalda vegna ráðstefnunnar var áætlaður 1,2 mill-

Sameinuðu þjóðanna, það ráðstefnugesti að beina augunum að fórnarlömbum kynþáttamisréttis, bæði fyrr og nú, og að gæta þyrfti manlegs virðuleika hvers og eins af þegnum heims.

Var einhver árangur af ráðstefnunni? Ráðstefnan var afar fróðleg. Þarna komu

fram mikil átök milli vestrænna ríkja og þróunarrika, átökum um fortíðina snérist ekki aðeins um sagnfræði heldur um orsakir núverandi ástands. Í framkvæmdaáætlun er að finna mörg gagnleg atriði fyrir okkur Íslendinga, svo sem um aðgerðir til að tryggja að ekki sé mismunum gagnvart útlendingum. Mikilvæg svið eru félagsþjónusta, atvinnumál, húsnæðismál, menntun og heilbrigðismál. Mikil áhersla var lögð á að erlendir borgar hefðu tækifæri til þátttöku í stjórnámum. Um tíma leit alvarlega út fyrir að ráðstefnan rynni út í sandinn. Ágreiningurinn milli þróuðu ríkjanna annars vegar og þróunarlandanna hins vegar var bæði það mikill og djúpstæður. Ráðstefnulokum var því frestað um einn sólarhring og lauk 8. september. Að lokum var samþykkt yfirlýsing í 121 grein og framkvæmdaáætlun í 122 greinum.

Við opnun ráðstefnunnar lagði Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, áherslu á að ekkert ríki væri alveg laust við kynþáttamisrétti, útlendingahatur og skort á umburðarlyndi. Mary Robinson, mannréttindafulltrúi